

Atvinnuvegaráðuneytið  
b.t. skrifstofu viðskipta og markaða  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 7. október 2025

## Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til markaðssetningarlaga

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi til markaðssetningarlaga (hér eftir „frumvarpið“) sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 23. september sl. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á núverandi lögum um eftirlit með vipskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, lögum um Neytendastofu, nr. 62/2005 og lögum um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd. Með frumvarpinu er lagt til að ný markaðssetningarlög leysi fyrrnefnd lög af hólmi.

Drög að frumvarpi um ný markaðssetningarlög hafa áður verið lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda<sup>1</sup> og þá hefur frumvarp til markaðssetningarlaga einnig verið lagt fram á Alþingi á 154. löggjafarþingi.<sup>2</sup> FA skilaði athugasemdum inn vegna fyrrnefndra mála. Virðist núverandi frumvarp lagt fram í lítið breyttri mynd frá frumvarpinu sem lagt var fram á 154. löggjafarþingi. FA gerir eftirfarandi athugasemdir:

### Einföldun regluverks og virk samkeppni

FA fagnar þeirri áherslu stjórnvalda að sameina lagabálka sem gerir einstaklingum og atvinnulífinu auðveldara að átta sig á hvaða lög eiga við hverju sinni. Þá er jafnframt markmið frumvarpsins í samræmi við áherslur núverandi ríkisstjórnar, sem m.a. er virk samkeppni. FA tekur því einnig fagnandi en telur þó nokkuð upp á vanta til að ná þessu markmiði.

Mikilvægt eru að settar séu skýrar reglur varðandi markaðssetningu og neytendavernd svo ljóst sé fyrir atvinnurekendur hvað má og má ekki. Þá er einnig mikilvægt að tryggja jafnræði og traust á markaðnum sem vonandi verður, verði frumvarpið að lögum. Hins vegar, sem fyrr segir, eru nokkur atriði sem finna má í frumvarpinu sem geta haft veruleg áhrif á starfsemi fyrirtækja, t.d. með auknum kostnaði eða auknu flækjustigi með tilkomu nýrra reglna, og þ.a.l. virka samkeppni.

Þá hefur þeim ákvæðum frumvarpsins sem geta varðað refsingu verið fækkað verulega þar sem sektarheimildir frumvarpsins eru taldar tryggja fullnægjandi varnaðaráhrif skv. greinargerð. FA tekur undir þessi sjónarmið ráðuneytisins og fagnar fækkunum en núverandi sektarheimildir, eins og þær eru lagðar til með frumvarpinu, eru gífurlega háar og verður fjallað um þær hér að neðan.

<sup>1</sup> Drög að frumvarpi til markaðssetningarlaga, *samráðsgátt stjórnvalda*, 26. febrúar 2024, <https://island.is/samradsgatt/mal/3696>

<sup>2</sup> Frumvarp til markaðssetningarlaga, *þskj. 1573 – 1077. Mál, Alþingi*, <https://www.althingi.is/altext/154/s/1573.html>

### Góðir markaðshættir

Í fyrsta lagi lúta áhyggjur FA að skilgreiningum sem finna má í 2. gr. og síðan 3. gr. Í 2. gr. er farið yfir á annan tug hugtaka og þau skilgreind. Ekki er fjallað um hvað felst í „markaðsháttum“ eða „góðum markaðsháttum“ í 2. gr. en athygli vekur að bæði eru „viðskiptahættir“ og „góðir viðskiptahættir“ skilgreindir í 2. gr.

3. gr. ber svo heitið „góðir markaðshættir“ og kemur fram í 1. mgr. 3. gr. að:

*„Atvinnurekendur skulu viðhafa góða markaðshætti að teknu tilliti til neytenda, atvinnurekenda og almennra samfélagshagsmuna...“*

Ómögulegt er fyrir atvinnurekendur að átta sig á hvað felst í góðum markaðsháttum ef þeir eru ekki skilgreindir í orðskýringum. Miklu þúðri er eytt í umfjöllun um 3. gr. í greinargerð með frumvarpinu og vandlega fjallað um góða markaðshætti. Því fæst ekki séð, ef mikilvægi ákvæðisins er eins mikið og fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu, af hverju „góðir markaðshættir“ eru ekki skilgreindir í frumvarpinu sjálfu. Kallar FA eftir því, líkt og hefur verið gert í fyrri umsögnum, að því verði bætt við hvað felst í góðum markaðsháttum í 2. gr. frumvarpsins. Ekki einungis er það mikilvægt svo atvinnurekendur átti sig á því hvað felst í „góðum markaðsháttum“ heldur einnig svo þeir geti áttað sig á því hver munurinn er á „góðum markaðsháttum“ annars vegar og „góðum viðskiptaháttum“ hins vegar.

### Rangar upplýsingar sem eru réttar

Í ákvæði 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er fjallað um villandi athafnir. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Viðskiptahættir atvinnurekenda mega ekki fela í sér rangar upplýsingar eða upplýsingar sem á annan hátt, þ.m.t. vegna framsetningar, villa um fyrir eða eru líklegar til að villa um fyrir hinum almenna neytanda, jafnvel þótt þær séu réttar.“*

Samkvæmt ákvæðinu mega viðskiptahættir ekki fela í sér upplýsingar sem, þ.m.t. vegna framsetningar, villa um fyrir eða eru líklegar til að villa um fyrir hinum almenna neytanda, jafnvel þótt þær séu réttar. Félagið telur ákvæðið fela í sér mótsögn og leggur til að „jafnvel þótt þær séu réttar“ verði fellt út.

### Varanlegur miðill

Í 17. gr. frumvarpsins er gerð krafa um að atvinnurekandi sem veitir ábyrgðaryfirlýsingu skuli afhenda neytanda hana á varanlegum miðli eigi síðar en við afhendingu vörunnar eða þjónustunnar. Ekki er tekið fram í frumvarpinu, þ.e. í orðskýringum í 2. gr. né í þeirri 17. hvað felst í varanlegum miðli og þá er heldur ekki fjallað um það í greinargerð með frumvarpinu. Telst t.d. ábyrgðaryfirlýsing í tölvupósti vera varanlegur miðill? Eða á kvittun frá atvinnurekanda? FA biður því ráðuneytið að skýra í frumvarpinu, eða í greinargerð, hvað felst í hugtakinu „varanlegur miðill“ svo atvinnurekendur geti farið eftir réttum reglum og neytendur átti sig á hvað felst í því. Þá óskar FA einnig eftir því að upplýst verði hvort handvömm á afhendingu ábyrgðaryfirlýsingar á varanlegum miðli hafi það í för með sér að neytandi geti ekki borið hana fyrir sig.

### Auðkenni atvinnurekenda

Í frumvarpinu er fjallað um auðkenni í 20. gr. í frumvarpinu. Fram kemur í greinargerðinni að réttur til auðkenna hefur hingað til verið í sérlöggið og muni þetta ákvæði veita viðbótarvernd umfram þá vernd sem sérlæg veita. FA telur mikið framfaraskref að vernd fyrir auðkennum sé að finna í frumvarpinu enda einfaldi það atvinnurekendum leit ef upp koma álitamál tengd

auðkennum. Þá telur félagið einnig einfaldara orðalag 20. gr. samanborið við 15. gr. a laga nr. 57/2005 vera einkar jákvætt og nái sömu markmiðum.

### **Sáttaumleitan**

Í 29. gr. er fjallað um sáttaumleitan og leiðbeinandi reglur. Í ákvæðinu kemur m.a. fram:

*„Neytendastofa skal leitast við að fá atvinnurekendur til að starfa í samræmi við meginreglur laga þessara um góða markaðs- og viðskiptahætti og fara að öðru leyti eftir lögunum, m.a. með sáttaumleitan.“*

Í athugasemdum í greinargerð segir að ákvæðið feli í sér meginreglu um sáttaumleitan í starfsemi Neytendastofu. Þá segir: „[á]kvæðið felur í sér meginreglu um sáttaumleitan í starfsemi Neytendastofu [...] lagt er til að sáttaumleitan og skyldum aðgerðum verði viðhaldið sem aðalúrræði Neytendastofu.“

Þá kemur einnig fram að „[í] meginreglunni felst að Neytendastofa skuli að jafnaði reyna að hafa áhrif á háttsemi atvinnurekanda með sáttaumleitan og leysa mál með samkomulagi um úrbætur eða aðrar skuldbindingar.“

Félagið fagnar þessu enda má oft rekja brot fyrirtækja til vanþekkingar á núgildandi löggjöf, sem er fremur óaðgengileg, og fyrirtæki eru alla jafna öll af vilja gerð að verða við tilmælum um úrbætur. Félagið telur orðalag 29. gr. frumvarpsins þó ekki endurspeglar þennan vilja löggjafans og óskar eftir að því verði breytt þannig að fram komi í lögunum sjálfum að aðalúrræði Neytendastofu sé sáttaumleitan og stofnunin skuli að jafnaði reyna að hafa áhrif á fyrirtæki með sáttaumleitan og leysa mál með samkomulagi um úrbætur eða aðrar skuldbindingar.

### **Ákvarðanir og önnur málalok**

Að sama skapi bendir FA á 30. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um ákvarðanir og önnur málalok. Í 1. málslíð ákvæðisins segir: „Brjóti atvinnurekendur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim getur Neytendastofa tekið við skriflegum skuldbindingum um að látið sé af brotinu eða tekið ákvörðun, skv. 2. mgr.“ Félagið telur að skoða verði ákvæðið með tilliti til athugasemda félagsins við 29. gr., þ.e. að Neytendastofa taki ekki ákvörðun fyrr en sáttaumleitan hefur verið fullreynd. Ítrekar félagið að brot fyrirtækja megi oft rekja til vanþekkingar á núverandi löggjöf, m.a. vegna vöntunar á skýrleika og vegna þess að núverandi löggjöf er fremur óaðgengileg. Því er mikilvægt að sáttaumleitan sé aðalúrræði Neytendastofu.

### **Óforsvaranleg hækkun stjórnvaldssektar**

FA hefur í fyrri umsögnum sínum mótmælt harðlega þeirri miklu hækkun sem fyrirhuguð er með frumvarpinu varðandi sektarheimildir. Langflest fyrirtæki hérlandis eru lítil eða meðalstór fyrirtæki sem hafa ekki bolmagn til að greiða þær gífurlega háu fjárhæðir sem lagðar eru til með frumvarpinu. Mörg fyrirtæki hérlandis eru fjölskyldufyrirtæki sem hafa unnið hörðum höndum að því að byggja upp reksturinn og geta upphæðir sem þessar komið mörgum fyrirtækjum í gjaldþrot.

Þrátt fyrir ítrekuð fyrri mótmæli félagsins er þessi tillaga um hækkun er þó enn til staðar í frumvarpinu. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2007 sem lögin eiga að leysa af hólmi geta stjórnvaldssektir numið allt að 10 millj. kr. Í 3. mgr. 33. gr. frumvarpsins er lagt til að stjórnvaldssektir geti numið allt að 4% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá atvinnurekenda eða jafnvirði 2 millj. evra í íslenskum krónum, hvort heldur er hærra. Frumvarpið felur því í sér

að hámarkssektarfjárhæð fer úr 10 millj. kr. í tæpar 300 millj. kr., miðað við núverandi gengi, eða 4% af heildarveltu síðasta rekstrarárs, hvort heldur er hærra. Er þessi hækkun þrítugföld. FA telur þessa gífurlegu hækkun ekki forsvaranlega.

### **Brot framin í góðri trú**

34. gr. frumvarpsins fjallar um bann, skaðabætur og hæfilegt endurgjald. Í 4. mgr. þeirrar greinar kemur fram að „[þ]eim sem hagnast á réttindum annars án þess að um ásetning eða gáleysi sé að ræða er skylt að greiða hæfilegt endurgjald. Endurgjaldið má þó aldrei vera hærra en ætla má að nemi hagnaði hans af brotinu.“

Félaginu þykir ákvæðið heldur strangt þar sem um er að ræða að fyrirtæki eða aðrir hagnist bersýnilega óvart og án nokkurs hvata. Mikilvægt er að lögð sé áhersla á að brotin séu framin í góðri trú og séu metin í samræmi við það, líkt og kemur fram í greinargerð með frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd (heimildir til rannsókna og framfylgdar)<sup>3</sup> um 8. gr. (25. gr. b).

### **Refsingar**

Í 37. gr. frumvarpsins er fjallað um refsingar en í fyrri umsögnum sínum fjallaði FA um að félagið væri mótfallið refsingum er vörðuðu sektum eða fangelsi hvort sem brotin væru framin af ásetningi eða gáleysi. Lagði félagið til að orðið gáleysi yrði tekið út eða a.m.k. yrðið kveðið á um stórfellt gáleysi.

Það er því jákvætt að sjá að ráðuneytið hefur breytt orðalagi í 3. mgr. 37. gr. úr gáleysi í stórfellt gáleysi í frumvarpinu. Þá fagnar félagið einnig fækkun ákvæða sem heyrta geta undir sekt eða fangelsi skv. frumvarpinu, líkt og fjallað var um hér að ofan. Telur félagið þetta vera mikið framfaraskref frá fyrri útgáfum frumvarpsins.

### **Lokaorð**

Samantekið eru þónokkur atriði sem félagið telur vera skref í rétta átt, t.a.m. með einföldun á löggjöfinni og fækkun á refsíákvæðum. Hins eru einnig þónokkur atriði sem félagið telur að megi vera skýrari eða lagfæra svo frumvarpið nái fyllilega því markmiði sem því er ætlað að ná. Þá vill félagið árétta að það er ávallt boðið og búið að funda með ráðuneytinu vegna málsins. Er hér einnig gerður fyrirvari um athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur

<sup>3</sup> Þskj. 374 – 330. mál, 150. löggjafarþing 2019-2020.